



Fundargerð

Aðalfundur foreldrafélags Holtaskóla fyrir skólaárið 2024 – 2025 var haldinn þann 26. september 2024 kl. 17 í stofu 225 í Holtaskóla.

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Heiða Birna Guðlaugsdóttir, Justyna Wroblewska og Ösp Birgisdóttir.

Aníta Rós Sigurðardóttir og Margrét Arna Eggertsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn Helga Hildur skólastjóri Holtaskóla ásamt 10 foreldrum og forráðafólki barna og ungmenna í Holtaskóla.

1. Formaður setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.
2. Skýrsla stjórnar var lesin upp af formanni og samþykkt samhljóða.
3. Reikningar voru lagðir fram af formanni. Reikningar samþykktir samhljóða.
4. Lagabreytingar. Ekki kom fram beiðni um lagabreytingar.
5. Ákvörðun árgjalds. Tillaga um að halda sömu fjárhæð árgjalds samþykkt.
6. Kosning nýrrar stjórnar. Bjarney Rut Jensdóttir gaf áfram kost á sér sem formaður og Aníta Rós Sigurðardóttir gaf kost á sér áfram, samþykkt. Justyna Wroblewska, Heiða Birna Guðlaugsdóttir, Margrét Arna Eggertsdóttir og Ösp Birgisdóttir ætla ekki að gefa kost á sér áfram. Einar Hallsson og Sigrún Gyða Matthíasdóttir gáfu kost á sér í stjórn og það var samþykkt samhljóða.
Þar sem lög félagsins kveða á um að stjórn skuli skipuð fimm fulltrúum foreldra/forráðafólks og tveimur til vara var samþykkt að formaður myndi auglýsa eftir foreldrum/forráðafólki í stjórnina, samþykkt.
7. Engin gaf kost á sér í skólaráð og var samþykkt að formaður myndi ræða við þá sem voru á síðasta skólaári, Anítu Rós Sigurðardóttur og Erlu Hafsteinsdóttur, samþykkt.
8. Önnur mál
 - a. Umræða um að það vantar skólahjúkrunarfræðing með fasta viðveru í skólanum. Helga Hildur skólastjóri mætti á fundinn og sagði að þetta mál væri í vinnslu innan veggja skólans.
 - b. Símanotkun í skólanum. Mikið ákall hefur verið frá foreldrum og forráðafólki barna og ungmenna í skólanum um að setja frekari hömlur á notkun snjalltækja á skólatímum. Hugmynd kom að foreldrafélagið myndi fá Þórgír Þrúnaðsson rithöfund til að halda fyrirlestur fyrir okkur forráðafólk barnanna um áhrif skjánotkunar á líðan ungmenna. Í framhaldi af þeim fyrirlestri mun vera send

út könnun á foreldra og forráðafólk til að vita afstöðu þeirra um að banna snjallsíma á skólatíma. Samþykkt einróma

- c. Foreldrasáttmáli. Umræða um sáttmála skapaðist á fundinum og voru gestir sammála um mikilvægi þess að gera foreldrasáttmála milli allra foreldra/forráðafólks barnanna. Í sáttmálanum yrði td. skerpt á útivistartímanum, fjárhæð ákveðin fyrir afmælisgjafir milli bekkjasystkina, aldurstakmörk á forritum í snjallsímum yrðu virt osfrv. Samþykkt.
- d. Óskað var eftir fræðslu til foreldra og forráðafólks um stýringu á snjalltækjum ungmennanna. Oft eru ungmennin mun klárari en uppaldendur þeirra.
- e. Umræða um meiri fræðslu til foreldra og forráðafólks í góðu samstarfi við Fjörheima. Þetta var samþykkt samhljóða.
- f. Umræða um að virkja árgangafulltrúa betur, mikilvægt að foreldrar snúi saman bökum til að hlúa að vellíðan allra barna.

Fundi slitið kl. 18.20